

**Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar, Pírata, Sósíalístaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna um aukið samstarf um stafrænar lausnir og eflingu net- og gagnaöryggis**

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að efla samstarf við ríkið og önnur sveitarfélög um skilvirka nýtingu stafrænna lausna og notkun gervigreindar. Stafrænu ráði er falið að vinna tillögur að nánari útfærslu þar sem einnig verður hugað að eflingu net- og gagnaöryggis í borgarkerfinu.

**Greinargerð**

Hér er verið að raungera það sem fram kemur í samstarfsyfirlýsingu Samfylkingar, Flokks fólksins, Pírata og Sósíalístaflokksins og Vinstri grænna um skilvirka nýtingu stafrænna lausna og notkun gervigreindar. Stafræn umbreyting er fyrst og fremst breyting á þjónustu borgarinnar, með notendamiðaða hönnun að leiðarljósi. Búið er að byggja upp stafrænar lausnir hjá borginni sem gætu t.d. nýst öðrum sveitarfélögum og í samstarfi við ríkið. Á meðal stafrænna lausna má nefna leikskólareikni, umsóknarkerfi um fjárhagsaðstoð, húsnæði, málakerfi velferðarsviðs, málakerfi skólaþjónustu, vinnslu í þjónustuveri, nemendagrunn, rafræn byggingarleyfi, lóðaumsókna kerfi, húsnæðisuppbyggingarvef, framkvæmdasjá, hverfið mitt, samráðsgátt, styrkjagátt og ótal margt annað.